

Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni.
Minkabú.
Mörbræðsla og tólgarframleiðsla.
Nagla- og skrófuframleiðsla.
Niðursuðuverksmiðjur.
Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla.
Refabú.
Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús o.þ.h.
Skotvellir.
Smjörlikisgerðir.
Smurstöðvar.
Sögunarmyllur.
Steinmölun og framleiðsla á ofaniburði og fyllingarefnum.
Steinsmiði.
Steypustöðvar og steypueiningarverksmiðjur.
Stórar spennistöðvar.
Stórar vörugeymslur.
Svínabú.
Trésmíðaverkstæði.
Vefnaðar- og spunaverksmiðjur.
Vélaframleiðsla.
Vinnsla á málum í raftækniíðnaði, t.d. rafgeymaverksmiðjur og verkstæði.
Vinnsla fisks og annarra sjávarafurða.
Völsunar-, víra- og stangaverksmiðjur.
Vöruflutningamiðstöðvar.
Þvottahús.
Æfingasvæði slökkviliðs.
Öl-, gos- og svaladrykkjagerðir.
Annar sambærilegur rekstur.

6. mars 1998

Nr. 150

REGLUGERÐ

um mælingar á fiskilestum.

1. gr.

Íslensk skip sem stunda veiðar á samningssvæði NAFO í lögsögu Jan Mayen og Noregs skulu frá gildistöku reglugerðar þessarar fullnægja reglum þeim sem í henni eru settar um mælingar fiskilesta og skráningu þeirra upplýsinga. Sé síðar í reglugerð áskilið að við tilteknar veiðar eða leyfi liggi fyrir mæling á fiskilestum og skráningu þeirra upplýsinga, skal farið að ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Fiskilestir skipa skulu mældar sérstaklega og um borð í hverju skipi skulu vera teikningar af og lýsingar á lestum þess, þar sem fram kemur heildarrúmmál hverrar lestar.

3. gr.

Um borð í fiskiskipum þar sem afla er dælt beint í lestar, t.d. í kælitanka, skulu vera skjöl sem sýna hvert rúmmál lestanna er með 10 sentimetra millibili frá ákveðnum og merktum viðmiðunarstað.

4. gr.

Upplýsingar sem fram koma á skjölum og teikningum skv. 2. og 3. gr. skulu vera á íslensku og ensku og staðfestar af Siglingastofnun Íslands. Staðfesting Siglingastofnunar skal ekki vera eldri en 5 ára. Séu breytingar gerðar á lestum skips skal endurnýja skjöl og teikningar, sbr. 2. og 3. gr.

5. gr.

Starfsmenn Fiskistofu, Landhelgisgæslu, Siglingastofnunar Íslands og eftirlitsaðilar sem vinna að eftirliti með alþjóðlegum samningum, sem Ísland er aðili að, hafa rétt til að kanna skjöl og teikningar um mælingar á fiskilestum.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. mars 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.